

Tilmæli 23/2023
Tillaga A 1948/UHN
Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit um svar við tilmælum 23/2023

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að Norðurlandaráð taki svar við tilmælum 23/2023 um skipaskemmtiferðir til greina og litið verði svo á að *afgreiðslu málsins sé lokið* af hálfu ráðsins.

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að Norðurlandaráð taki svar við tilmælum 23/2023 til greina og *óskað verði pólitísku samráðs* um skipaskemmtiferðir.

Forsendur og aðdragandi

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að útbúa heildstæða norræna áætlun um sjálfbærar og losunarlausar siglingar skemmtiferðaskipa á Norðurlöndum,
- að vinna að sameiginlegri stefnumörkun um strangara regluverk í kringum sjálfbæra og losunarlausu umferð skemmtiferðaskipa á norðurskautssvæðinu.

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Á fundi norrænna ráðherra umhverfis- og loftslagsmála, sem haldinn var 28. október 2020, undirrituðu ráðherrarnir yfirlýsinguna „Renere krydstogter med mere landstrøm“ („Hreinni siglingar skemmtiferðaskipa með aukinni landtengingu rafmagns“) með það fyrir augum að gera Eystrasaltssvæðið að sjálfbærum áfangastað skemmtiferðaskipa. (Yfirlýsinguna má finna á þessari slóð: <https://www.norden.org/da/declaration/renere-krydstogter-med-mere-landstroem-nordisk-foererposition-i-arbejdet-med-goere>)

Yfirlýsing ráðherranna fól í sér stuðning við það framtak Dana á formennskuári sínu að hleypa af stokkunum verkefni um að gera siglingar skemmtiferðaskipa á Eystrasaltssvæðinu sjálfbærar. Framtakinu var sýndur mikill áhugi árið 2021, m.a. í kjölfar ráðstefnu sem haldin var í Kaupmannahöfn í lok október 2021 með þátttöku 70 fulltrúa borga og bæja sem starfrækja hafnir á Eystrasaltssvæðinu, en einnig frá Íslandi, Grænlandi og Færeyjum, og varð til þess að stjórnendur allmargra borga og hafna á



Norðurlöndum samþykktu markmið og áætlanir um sjálfbærar siglingar skemmtiferðaskipa án koltvísýringslosunar.

Í tengslum við þetta verkefni Dana á formennskuárinu voru gefnar út tvær viðamiklar skýrslur: „Towards Sustainable Cruise Tourism in the Greater Baltic Sea Area“ og „Roadmap for a Sustainable Cruise Destination in the Greater Baltic Sea Region“. (Báðar skýrslurnar er að finna á þessari slóð: <https://drive.google.com/drive/folders/1xUy4KNGSva-07irzkgMMzMDE-x2YEUgx>).

Einkum í síðarnefndu skýrslunni („Roadmap for a Sustainable Cruise Destination in the Greater Baltic Sea Region“) eru lögð drög að heildarstefnumótun um sjálfbærar siglingar skemmtiferðaskipa á Eystrasaltssvæðinu án koltvísýringslosunar. Í skýrslunni kemur fram að Norræna ráðherranefndin þurfi fyrst og fremst að styrkja pólitískan grundvöll þeirrar stefnumótunar og vinna að samstöðu um það markmið helstu hagaðila að Norðurlönd verði orðin sjálfbærasti áfangastaður skemmtiferðaskipa í heiminum árið 2030. Að áliti skýrsluhöfunda hefur sú samstaða náðst.

Þess utan er nefnt í skýrslunni að hagaðilar geti stuðlað að framtíðarsýninni til ársins 2030 á ýmsan hátt með lagasetningu, innleiðingu tæknilausna og fjárframlögum. Þessir hagaðilar eru fyrst og fremst ríkisstjórnir landanna, hafnaryfirvöld, sveitarstjórnir og útgerðir/skipaeigendur. Hér hefur mikla þýðingu að ríkisstjórnir og sveitarstjórnir geta sett opinberar reglur með það að markmiði að stuðla að meiri sjálfbærni í siglingum skemmtiferðaskipa, og að áherslur einstakra landa í orkumálum geta opnað útgerðum skemmtiferðaskipa leiðir til að nýta aðra orkugjafa en hina hefðbundnu (einkum með landtengingu rafmagns), en undir það falla m.a. nauðsynlegar innviðafjárfestingar til að greiða fyrir slíkum orkuskiptum í höfnum landanna.

Þessi sóknarfæri og sá mikli áhugi sem verkefnið vakti hafa orðið til þess að ýmsar sveitarstjórnir og hafnaryfirvöld hafa frá þessum tíma gert ráðstafanir til að stuðla að sjálfbærum siglingum skemmtiferðaskipa á Eystrasaltssvæðinu, en einnig til að mynda á Íslandi, m.a. með styrkjum frá Nordic Innovation.

Sú heildarstefnumótun sem kallað var eftir um siglingar skemmtiferðaskipa er þegar orðin að veruleika á Eystrasaltssvæðinu, og önnur svæði á Norðurlöndum geta notið góðs af þeirri stefnumótun með því að nýta sér ráðleggingar og þá kortlagningu mögulegra lausna sem þegar liggur fyrir.

Ríkin eiga með sér samstarf á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar um græn umskipti í siglingum, og byggja það samstarf á Clydebanksyfirlýsingunni um losunarlausar siglingaleiðir sem samþykkt var á loftslagsráðstefnunni COP26. Hinn 3. maí 2022 samþykktu ráðherrar umhverfis- og loftslagsmála [yfirlýsingu um](#)



[losunarlaugar siglingaleiðir milli Norðurlandanna](#) og hleyptu af stokkunum tilraunaverkefni um að finna hvar koma mætti upp grænum siglingaleiðum á Norðurlöndum og til hvaða samstarfsaðila mætti leita. Verkefnið hefur haldið áfram árin 2023–2024 með markvissari viðleitni til að virkja útgerðir, hafnaryfirvöld og hugsanlega fjárfesta til þátttöku í grænum umskiptum á einni eða fleiri siglingaleiðum á Norðurlöndum, auk þess sem unnið er að arðsemis- og tækniathugunum til stuðnings umskiptunum. Gert er ráð fyrir að enn meiri áhersla verð lögð á verkefnið í væntanlegri samstarfsáætlun umhverfis- og loftslagssviðs fyrir árin 2025–2030, hugsanlega með því að láta það ná til stærra svæðis.

Að því er varðar síðara lið tilmællanna (að vinna að sameiginlegri stefnumörkun um strangara regluverk í kringum sjálfbæra og losunarlausa umferð skemmtiferðaskipa á norðurskautssvæðinu) er vísað til svars Svía, sem fara með formennsku í ráðherranefndinni, við tilmælum Norðurlandaráðs 24/2023 um siglingar skemmtiferðaskipa.

Norræna ráðherranefndin lítur svo á að með þessu hafi tilmælunum verið svarað að hluta til.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin telur svar Norrænu ráðherranefndarinnar afar áhugavert og fagnar því mikilvæga verkefni, sem nú er unnið að, að gera Eystrasaltssvæðið að sjálfbærum áfangastað skemmtiferðaskipa. Umhverfi og vistkerfi Eystrasalts verða fyrir miklum áhrifum af skipaferðum. Skip losa frá sér gríðarmikið af brennisteins- og nitursamböndum sem stuðla að súrnun sjávar og ofauðgun næringarefna í sjó. Margvíslegar rannsóknir hafa jafnframt leitt í ljós að olía og önnur efni geta farið í sjóinn frá skipum án þess að það gerist af ásettu ráði, með skaðlegum áhrifum á lífríki sjávar, auk þess sem ágengar tegundir geta borist í Eystrasalt með kjölfestuvatni sem skip flytja með sér milli landa og heimshluta. Þá getur skipaumferð valdið beinum skaða á hafsbotni þegar lagst er við akkeri og þegar siglt er á grunnsævi, en slíkt getur eyðilagt marhálmsbreiður og önnur mikilvæg búsvæði. Eystrasaltið býr þegar við mikið álag og afar bágborið umhverfisástand. Það sýnir hversu mikilvægt er að gera Eystrasaltssvæðið að sjálfbærum áfangastað skemmtiferðaskipa.

Nefndin hefur kynnt sér yfirlýsingu ráðherra umhverfis- og loftslagsmála [um losunarlaugar siglingaleiðir milli Norðurlandanna](#) og tilraunaverkefni um að finna hvar koma mætti upp grænum siglingaleiðum, sem og markvissari viðleitni nýverið til að virkja útgerðir, hafnaryfirvöld og hugsanlega fjárfesta til þátttöku í grænum umskiptum á einni eða fleiri siglingaleiðum á Norðurlöndum. Nefndin hvetur til þess að unnið verði að þessum málum af enn meira krafti og verkefnið látið ná til stærra svæðis. Æskilegt er að þessarar vinnu sjái stað í væntanlegri samstarfsáætlun umhverfis- og loftslagssviðs



fyrir árin 2025–2030, og norræna sjálfbærnefndin hvetur ráðherranefndina til að senda reglulega frá sér upplýsingar um framvindu verkefnanna.

Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að halda aðgerðum á norðurskautssvæðinu áfram af fullum krafti. Siglingar skemmtiferðaskipa á norðurslóðum fara hratt vaxandi um þessar mundir, svæðið er afar viðkvæmt fyrir álagi og mikilvægt er að fylgja sameiginlegri stefnu um slíka ferðamennsku.

Reykjavík, 29.október 2024

Tove Elise Madland (A)

Karin Gaardsted (S)

Ása Karlsson (S)

André N. Skjelstad (V)

Christian Friis Bach (V)

Martin Paasi (saml)

Mariane Paviasen (IA)

Angelika Bengtsson (SD)

Johan Andersson (S)

Louise Mehnke (S)

Krista Mikkonen (gröna)

Emma Berginger (MP)

Teitur Björn Einarsson (Sj.)

Steinunn Þóra Árnadóttir (vg)

Staffan Eklöf (SD)

Himanshu Gulati (FrP)